



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: *Skipun stýrihóps um mótun stefnu í málefnum eldra fólks til ársins 2026*

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu um að skipaður verði stýrihópur til að gera drög að nýrri heildstæðri stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldra fólks til ársins 2026. Markmiðið er að styðja við nýsköpun, virkni og heilbrigði þannig að eldra fólk geti búið heima, jafnframt því sem umönnun þess sé tryggð þegar hennar er þörf. Stefnan verði unnin í samráði við hagsmunasamtök eldri borgara og notendur þjónustu á vegum velferðarsviðs.

Greinargerð:

Árið 2018 var gefin út stefna Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara til ársins 2022. Þar sem núverandi stefna rennur út í lok árs þá liggur fyrir að skipa starfshóp til að hefja vinnu við að gera drög að nýrri stefnu í málaflokknum. Stefnan skal unnin á grundvelli samstarfssáttmála meirihluta 2022-2026 en þar kemur fram að leggja eigi áherslu á sjálfstætt líf og valdeflingu. Leggja skal áherslu á stefnumarkandi áherslur í Velferðarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 en þær eru; engin tvö eru eins, nálægð og aðgengileiki, þjónustulípurð og skilvirkni, virðing og umhyggja, frumkvæði og forvarnir, samtal og samráð, fagmennska og framsýni. Einnig er mikilvægt að stefnan enduspegli og hafi samhljóm við áherslur í öðrum stefnum Reykjavíkurborgar. Í fyrsta lagi skal hafa Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar 2019-2030 til hliðsjónar, en hún miðar að því að fjölga æviárum íbúa þar sem fólk býr við góða heilsu og vellíðan og jafnframt skapa umhverfi og aðstæður sem auka jöfnuð, heilsu og hamingju allra borgarbúa. Í öðru lagi skal horft til stefnu Reykjavíkurborgar um velferðartækni 2022-2026 en velferðartækni á að stuðla að aukinni vellíðan, sjálfstæði, öryggi og lífsgæðum borgarbúa og gera þeim kleift að búa við bestu mögulegu aðstæður á heimilum sínum. Í þriðja lagi skal taka mið af þjónustustefnu Reykjavíkurborgar sem leggur áherslu á að þjónusta borgarinnar skuli veitt á forsendum íbúa þar sem virkt notendasamráð er lykilþáttur. Í fjórða lagi skulu áherslur Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var í borgarstjórn þann 18. október 2016, hafðar í hávegum en þar er lögð áhersla á jafnræði og jafnrétti og að allar manneskjur fái notið mannréttinda. Í fimmta lagi skal hafa til hliðsjónar Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030 en þar segir að efla skuli lýðræðislega þátttöku borgarbúa og formgera enn frekar möguleika íbúa til þess að hafa áhrif á málefni sem þá varða.

Ennfremur þarf að huga að því að skapa nýsköpunarmenningu í málaflokknum þar sem sjálfstæði og öryggi eru hornsteinar í þróun þjónustu fyrir eldra fólk.

Fylgiskjöl:

1. Erindisbréf stýrihóps um mótun stefnu í málefnum eldra fólks til ársins 2026, dags. 8. ágúst 2022.



Erindisbréf stýrihóps um mótun stefnu í málefnum eldra fólks til ársins 2026

Inngangur:

Árið 2018 var gefin út stefna Reykjavíkurborgar í málefnum eldra fólks til ársins 2022. Þar sem núverandi stefna rennur út í árslok þá er komið að því að skipa stýrihóp til að gera drög að nýrri stefnu í málaflokknum. Stefnuna skal vinna í samræmi við samstarfssáttmála meirihlutans 2022-2026 en þar kemur fram að leggja eigi áherslu á sjálfstætt líf og valdeflingu í mótun stefnunnar. Stefnan skal enduspegla og hafa samhljóm við áherslur í öðrum stefnum Reykjavíkurborgar er lúta að velferð borgarbúa, þ.m.t. Velferðarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030.

Hlutverk og helstu verkefni:

Hlutverk stýrihópsins er að gera tillögu að heildstæðri stefnu í málefnum eldra fólks til ársins 2026 til þess að skapa aðstæður í borginni sem bæta félagslega, andlega og líkamlega heilsu eldra fólks. Markmiðið er að styðja við nýsköpun, virkni og heilbrigði þannig að eldra fólk geti búið heima jafnframt því sem umönnun þess sé tryggð þegar hennar er þörf. Stefnan er unnin í samráði við eldra fólk.

Ábyrgðarmaður:

Sviðsstjóri velferðarsviðs.

Stýrihópin skipa:

Fulltrúi meirihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar formaður.
Fulltrúi meirihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar.
Fulltrúi minnihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar.
Formaður öldungaráðs Reykjavíkur.
Formaður Félags eldri borgara í Reykjavík.
Fulltrúi velferðarsviðs með sérþekkingu á málefnum eldra fólks.

Verkefnastjóri starfshópsins:

Fulltrúi velferðarsviðs með sérþekkingu á málefnum eldra fólks.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Hagsmunasamtök og notendur þjónustu.
Lykilstjórnendur og sérfræðingar velferðarsviðs í málaflokknum.
Aðrir innan og utan borgarkerfisins og hafa sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstími:

Hópurinn starfi frá 1. nóvember 2022 og skili tillögu að stefnu í málefnum eldra fólks til velferðarráðs fyrir marslok 2023. Formaður hópsins ber ábyrgð á að kalla hópinn saman, að ritaðar séu fundargerðir og að lögð sé fram tillaga að stefnu.

Reykjavík, 8. ágúst 2022

A handwritten signature in blue ink, reading "Regína Ásvaldsdóttir". The signature is written in a cursive style with a large initial 'R'.

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri